

Jafnréttisstefna Regins hf.

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) fylgir eftirfarandi jafnréttisstefnu, í samræmi við ákvæði *laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði*, sbr. síðari breytingar, auk annarra laga og reglna sem settar eru á sama grundvelli. Með jafnréttisstefnu þessari leitast félagið við að gæta fyllsta jafnræðis milli starfsmanna óháð kyni, aldry, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertrar starfsgetu, aldry, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjánigar. Áhersla er lögð á að hver starfsmaður sé metinn að eigin verðleikum og að allt starfsfólk hafi jafna möguleika og sömu réttindi í þeirra störfum.

1. Launajafnrétti

Reginn hefur launajafnrétti að leiðarljósi. Félagið hefur sett sér jafnlaunastefnu og fylgir vottuðu jafnlaunakerfi þar sem fram kemur að við ákvörðun launa verði þess gætt að starfsfólk sé greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni. Viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvarðana skulu ekki fela í sér kynjamismun.

2. Jafn aðgangur að störfum

Félagið kappkostar að vera áhugaverður og samkeppnishæfur vinnustaður þar sem jafnrétti ríkir og konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í Þjóðskrá eiga jafna möguleika til starfa, hvort sem um ræðir almennt starf, stjórnunarstöðu eða stjórnarsetu. Auglýst störf skulu standa opin fólkí óháð kyni. Við ráðningar er leitast við að jafna hlutföll kynjanna að uppfylltum hæfniskröfum.

3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs skiptir starfsmenn miklu máli. Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma og hafa þannig sömu tækifæri til að samræma vinnu og einkalíf, s.s. vegna fæðingarorlofs, foreldraorlofs, leyfis vegna veikinda barna og annars sveigjanleika vegna fjölskylduábyrgðar.

4. Starfsumhverfi

Reginn leggur áherslu á öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Starfsumhverfi skal vera laust við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. Starfrækt er sérstakt teymi innan félagsins sem ætlað er að fyrirbyggja og

HG *BK* *SK*
BTH *MM*

bregðast við málum sem tengjast einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Komi upp slík tilvik er til staðar sérstök viðbragðsáætlun og vettvangur fyrir tilkynningar sem aðgengilegur er öllum starfsmönnum.

5. Starfsþróun

Reginn hefur að leiðarljósi að gefa starfsmönnum jöfn tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Allir starfsmenn skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun, símenntun og endurmenntun og eiga möguleika á að sækja ýmis námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi.

6. Eftirfylgni með jafnréttismálum

Stjórnendur Regins halda utan um og hafa eftirlit með jafnréttismálum félagsins. Í starfs- og siðareglum félagsins er áhersla lögð á að öll áreitni og mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, uppruna, aldurs o.s.frv. er með öllu óheimil. Við ráðningu staðfestir hver starfsmaður að hann hafi lesið og kynnt sér reglurnar.

Þannig staðfest af stjórn Regins hf. þann 5. apríl 2022

Benedikt Olgeirsson
Bryndís Hrafnkelsdóttir
Guðrún Tinna Ólafsdóttir
Heiðrún Emilía Jónsdóttir
Tómas Kristjánsson

